





Reykjavík, 16. júní 2026
USK26040150

Bergstaðastræti 24 – Byggingarleyfisumsókn

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. maí 2026 þar sem sótt er um leyfi til að byggja vinnustofu að stærð 35,4 fermetrar á lóð nr. 24 við Bergstaðastræti, þar sem áður hefur verið geymsluskúr.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Annað



Listi yfir verndun

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Bergstaðastræti 24 borgarhluta 2 og er hluti af íbúðarsvæði

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Hvorki er deiliskipulag né hverfisskipulag er í gildi á svæðinu.

Umsögn

Hús á lóð Bergstaðastrætis 24 er friðlýst stein hlaðið hús byggt 1884. Að auki var staðsett um 7 fermetra geymsla á lóðinni áföst við Bjargarstíg 6.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að koma fyrir um 35 fermetra vinnustofu og geymslu á sama stað og fyrrnefnd geymsla var.

Húsið við Bjargarstíg 6 er friðað og sömuleiðis er hverfisvernd á svæðinu þar sem samstæður húsa og heildir eru friðaðar.

Þær heildir og samstæður saman standa hvað oftast af íbúðarhúsum við götuna og oftast en ekki bakhúsum.

Ef litið er til samsetningu hverfisins myndi vinnustofa á baklód Bergstaðastrætis sóma sér ágætlega.

Uppfylla þarf ákvæði byggingareglugerðar um sólrík dvalarsvæði innan lóðar og gæta að núverandi trjám. Sækja þarf um leyfi hjá Reykjavíkurborg til að fella tré hærri en 8 metrar og eldri en 60 ára.

Umsögn Minjastofnunnar þarf að liggja fyrir þar sem um er að ræða hverfisvernd og friðunar á húsi Bjargarstígs 6.



Samþykki aðliggjandi lóðarhafa þarf að liggja fyrir.

Niðurstaða

- Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið með vísan í umsögn hér að ofan.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Britta Magdalena Ágústsdóttir

verkefnastjóri